

Lúðvík Júlíusson  
Hraunbær 58  
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2024

**Efni: Viðbótarumsögn um mál 132. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar)**

Þann 5. mars s.l. var niðurstaða rannsóknar Vörðu rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins um fjárhagsstöðu launafólks kynnt<sup>1</sup>. Kynningin fór fram í Þjóðmenningarhúsinu og í kjölfarið fóru fram umræður um niðurstöður hennar<sup>2</sup>. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa góða vísbendingu um flækjustigið sem ákvæði um rétt til umönnunar geta leitt til.

Hagstofan birtir upplýsingar um fjölda einstaklinga í kjarnafjölskyldum og hlutfall þeirra. Heildarfjöldi einstaklinga í kjarnafjölskyldum árið 2023 er 165.622. Af þeim þá eru 11.079 (6,69%) einhleypar mæður en 1.655 (1,00%) einhleypir feður.<sup>3</sup>

Rannsókn Vörðu gefur aðra mynd af fjölskyldugerðum en Hagstofan. Ástæður geta verið margar, t.d. félagslegar og lýðfræðilegar. Eitt atriði er þó mikilvægt að skoða en það er fjöldi einhleypra foreldra. Í rannsókn Vörðu, þá segjast 5,56% vera einhleypir feður en 8,24% einhleypar mæður. **Hlutfall einhleypra mæðra í úrtaki Vörðu er 23,2% hærra en hjá Hagstofunni. Hlutfall einhleypra feðra en hins vegar 5,56% sem er 456,6% hærra en hjá Hagstofunni.**

Ástæðan er sú að Hagstofan birtir upplýsingar um hvar börn eiga lögheimili en rannsókn Vörðu sýnir hvaða einstaklingar hafa barn á framfæri og sinna barni/börnum án tillits til þess hvar barn á lögheimili. **Raunverulegt hlutfall einhleypra feðra er því stórlega vanmetið.**

Rannsókn Vörðu sýnir vel hversu litlar upplýsingar Hagstofan og Skatturinn hafa um raunverulega stöðu og fjárhagsstöðu barna og foreldra.

Rannsókn Vörðu sýnir að feður taka mikinn þátt í umönnun barna. Rannsóknin sýnir vel að **ef réttindi til umönnunar takmarkast við lögheimili barns að þá munu þúsundir barna og foreldra lenda í miklum vandamálum og umönnunarbyrði kvenna mun aukast verulega.**

Ég hef oft bent á nauðsyn þess að kortleggja stöðu barna og foreldra. Rannsókn Vörðu sýnir að þessi kortlagning verður að eiga sér stað fyrr en síðar.

Ég er tilbúinn að útskýra umsögn mína betur og mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að svara öllum þeim spurningum sem þið kunið að hafa.

Kveðja,

Lúðvík Júlíusson

<sup>1</sup> <https://www.rannvinn.is/post/fj%C3%A1rhagssta%C3%B0a-launf%C3%B3lks-svipu%C3%B0-n%C3%BA-og-fyrir-%C3%A1ri-s%C3%AD%C3%B0an-en-breg%C3%B0ast-%C3%BEarf-vi%C3%B0-st%C3%B6%C3%B0u-barnaf%C3%B3lks-og-innf>

<sup>2</sup> [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/03/05/beint\\_stada\\_launafolks\\_a\\_islandi/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/03/05/beint_stada_launafolks_a_islandi/)

<sup>3</sup> <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/fjolskyldan/>